



# STARFSÁÆTLUN BRUNAMÁL OG ALMANNAVARNIR FYRIR ÁRIÐ 2018





## EFNISYFIRLIT

<b>Slökkvilið og eldvarnir</b> .....	<b>3</b>
<b>Almennt</b> .....	<b>3</b>
<b>Sjúkraflutningar á landi</b> .....	<b>3</b>
<b>Sjúkraflug</b> .....	<b>4</b>
<b>Staða verkefna</b> .....	<b>4</b>
<b>Mönnun Slökkviliðsins</b> .....	<b>6</b>
<b>Fjölgun í varðliði SA 2018</b> .....	<b>11</b>
<b>Rekstur</b> .....	<b>8</b>
<b>1072110 Slökkvistöð</b> .....	<b>8</b>
<b>Tekjur</b> .....	<b>8</b>
<b>Laun og launatengd gjöld</b> .....	<b>9</b>
<b>Vörukaup</b> .....	<b>9</b>
<b>Þjónustukaup</b> .....	<b>9</b>
<b>Styrkir og framlög</b> .....	<b>9</b>
<b>Viðhald og rekstur slökkvitækja 1072140</b> .....	<b>10</b>
<b>Tekjur</b> .....	<b>10</b>
<b>Vörukaup</b> .....	<b>10</b>
<b>Þjónustukaup</b> .....	<b>10</b>
<b>Öryggisvaktir og önnur þjónusta 1072280</b> .....	<b>10</b>
<b>Tekjur</b> .....	<b>10</b>
<b>Laun og launatengd gjöld</b> .....	<b>Error! Bookmark not defined.</b>
<b>Verkefni framundan</b> .....	<b>10</b>
<b>Eignfærslur</b> .....	<b>Error! Bookmark not defined.</b>



## SLÖKKVILIÐ OG ELDVARNIR

### ALMENNT

Slökkvilið Akureyrar rekur eldvarnaeftirlit, slökkvilið og björgunarbjónustu samkvæmt lögum um brunamál nr. 75/2000. Starfssvæði SA nær yfir fjögur sveitarfélög þ.e. Akureyrarbæ þ.m.t. Hrísey og Grímsey, Eyjafjarðarsveit, Hörgársveit og Svalbarðsstrandarhrepp. Rekstur slökkviliðs utan Akureyrar byggir á samningum við sveitarfélögin þrjú og formlegt samstarf er við Slökkvilið Grýtubakkahrepps, Slökkvilið Þingeyjarsveitar og Ísavia á Akureyrarflugvelli. Íbúafjöldi á starfssvæðinu er 20.324 og stærð þess er 2.861 km<sup>2</sup> sbr. töflu 1.



Sveitarfélag	Íbúafjöldi 1.6.2016	Km <sup>2</sup>
Akureyri	18.294	138
Eyjafjarðarsveit	1.035	1.775
Hörgársveit	557	893
Svalbarðsstrandarhreppur	438	55
Samtals	20.324	2.861

Tafla 1 – Stærð sveitarfélaganna og íbúafjöldi

Akureyri er miðstöð þjónustu á svæðinu. Þar er alþjóðaflugvöllur, landshlutasjúkrahús, aflþynnuverksmiðja, skipasmíðastöð, verslunarmiðstöð, háskóli, tveir fjölmennir framhaldsskólar auk þess sem þjónusta við ferðamenn er veruleg. Líkt og annarsstaðar hefur gististöðum fjölgað ört og fjölgun skemmtiferðaskipa verið veruleg. Árið 2016 komu 82 skip til Akureyrar með um 124.000 farþega og sinnir SA þeim flota við landfestar í samvinnu við slökkvilið viðkomandi skips og Hafnarsamlags Eyjafjarðar. Utan Akureyrar eru fjórir þéttbýliskjarnar með allt að 340 íbúa hver. Innan tveggja ára er fyrirséð að Vaðlaheiðargöng verði tekin í notkun og verða eldvarnir þar í samræmi við kröfur SA og Slökkviliðs Þingeyjarsveitar og Skútustaðahrepps.

### SJÚKRAFLUTNINGAR Á LANDI

Samkvæmt samningi við Sjúkratryggingar Íslands þá sinnir SA sjúkraflutningum á landi frá Ljósavatnsskarði í Þingeyjarsveit, út á Grenivík við austanverðan Eyjafjörð, upp á miðja Öxnadalshéiði í vestri og að Fagraskógi milli Akureyrar og Dalvíkur. Að auki sinnir SA flutningi sjúklinga frá Sjúkrahúsínu á Akureyri austur á Egilsstaði og vestur á Hvammstanga. Á ársgrundvelli er gert ráð fyrir 2.800 sjúkraflutningum á landi. Meðalflutningstími á árinu 2016 var tæplega 50 mínútur frá útkalli og þar til áhöfn er laus í næsta verkefni. Við þann tíma bætast um 30 mínútur sem fara í að aka á stöð, þrifa og endurnýja búnað og klára skýrslugerð.





Stór hluti sjúkraflutningana er á dagvinnutíma og er mönnun fyrsta viðbragðs á meðan leyst með því annað hvort að dagvinnufólk tekur stöðu á vaktinni meðan á flutningnum stendur eða að slökkviliðsmenn af frívakt eru kallaðir út. Þannig getur SA tryggt getu slökkviliðsins til að sinna lögbundnum verkefnum. Vakthafandi varðstjóri hverju sinni hefur það hlutverk að meta mönnun og bregðast við eftir þörfum.

### SJÚKRAFLUG


Í samstarfi við Mýflug þá sendir SA sjúkraflutningamann/menn í öll sjúkraflug. Stöðug og mikil aukning hefur orðið í fjölda sjúkrafluga á undanförunum árum. Árið 2016 var fyrsta árið sem fjöldi fluga fór yfir 600 en stefnir í að 2017 fari þau vel yfir 800.

Eins og með sjúkraflutninga á landi, þá eru flest sjúkraflug framkvæmd á dagvinnutíma þar sem mörg af þeim eru vegna flutninga fólks til rannsókna og aðgerða sem eru framkvæmdar á virkum dögum. Til að bregðast við þessu, verða dagvaktir á virkum dögum settar upp með sex slökkviliðsmönnum í stað fimm á öðrum tímum.

### STAÐA VERKEFNA

Verkefnum fjölga stöðugt. Flutningar með sjúkraflugi á þessu ári eru komin yfir 600 og 1.700 með sjúkrabílum. Þar af eru 73 flutningar vegna útlendinga og 38 flug eða samtals tæp 5% allra flutninga.

Taflan sýnir fjölda sjúkraflutninga á tíu ára tímabili, en á þeim tíma hefur aukningin í sjúkraflugi verið tæplega 80% og rúm 50% í sjúkraflutningum á landi. Forgangsflutningum hefur fjölgað um annars vegar 71% með sjúkrabílum en 78% með sjúkraflugi. Mesta aukningin hefur samt verið í millistofnaflutningum með sjúkraflugi, eða um 130%






## Fjöldi verkefna frá 1.jan - 31.ágúst

Sjúkraflutningar með bílum			
Fjöldi einstaklinga	2015	2016	2017
Row Labels	Count of Málsnúmer	Count of Málsnúmer	Count of Málsnúmer
F1	246	271	305
F2	308	246	268
F3	484	361	398
F4	510	589	695
(blank)	1		
Grand Total	1549	1467	1666
		-5%	14%
Sjúkraflug(fjöldi fluga)			
Row Labels	Count of Málsnúmer	Count of Málsnúmer	Count of Málsnúmer
F1	115	127	135
F2	102	113	129
F3	82	68	89
F4	138	189	243
Grand Total	437	497	596
		14%	20%

### Sjúkraflutningar út fyrir heilsugæsluumdæmi Akureyrar.

<u>Staðir:</u>	<u>2009</u>	<u>2010</u>	<u>2011</u>	<u>2012</u>	<u>2013</u>	<u>2014</u>	<u>2015</u>	<u>2016</u>	<u>8 mán.</u> <u>2017</u>
Hvammstangi	7	1	3	4	1	1	3	1	1
Blönduós	7	19	12	5	15	16	24	20	20
Sauðárkrókur	11	37	28	28	37	23	32	49	33
Varmahlíð					1	2	2	1	0
Siglufjörður	4	16	9	13	19	24	20	30	14
Dalvík/Hrísey	2	7	7	5	4	6	12	9	9
Ólafsfjörður	7	7	12	7	6	9	18	14	9
Húsavík og nágr.	19	29	24	18	41	59	56	49	38
Mývatn			1						0
Þórshöfn			1		1			2	0
Vopnafjörður	1		4	4	4	5	2	3	2
Egilsstaðir og nágr.	3	6	17	19	12	9	11	8	15
Seyðisfjörður	1								0
Eskifjörður					1				0
Neskaupstaður	4	12	1				1		0
Keflavík	2	2							0
Borgarnes								1	0
<b>Samtals:</b>	<b>68</b>	<b>136</b>	<b>119</b>	<b>103</b>	<b>142</b>	<b>154</b>	<b>181</b>	<b>187</b>	<b>141</b>





Hér er samantekt í fjölda flutninga út fyrir þjónustuvæði SA Samkvæmt samningi um sjúkraflutninga höfum við ekki fengið greitt frá sjúkrastofnunum fyrir þessa flutninga, heldur hefur verið litið svo á að okkur bæri að sinna þeim sem hluta af samningnum við SÍ.

#### MÖNNUN SLÖKKVILIÐSINS

Samkvæmt áhættumati og drögum að reglugerð um starfsemi slökkviliða er það mat slökkviliðsstjóra að fjölga þurfi starfsmönnum á hverri vakt hverju sinni um einn þ.e. í 5 á nóttunni og 6 á daginn. Forsendur matsins eru nokkrir samverkandi þættir en er þar helst að nefna:

Aukið álag í sjúkraflutningum sem skapar aukna þörf sérstaklega á dagvöktum virka daga. Fjölgun verkefna á sjúkrabílum á tímabilinu 2008-2016 er **31%** og í sjúkraflugi **47%**.



Á þessu ári hefur svo aukningin verið enn meiri og stefnir í um 27% aukningu í sjúkraflutningum á landi og 23% í sjúkraflugi milli 2016 og 2017.



Til samanburðar, þá stefnir heildarfjöldi verkefna slökkviliðsins 2017 í tæplega 4.000, en fyrir 19 árum, þegar ákveðið var að fara í fjóra á vakt, voru verkefnin rétt um 1.200 á ári.

Í reglugerð nr. 1088/2013 um reykköfun eru skilgreind hlutverk og ábyrgð hvers og eins ef þarf að fara inn í reykfyllt hús. Þar er hlutverk reykkafarastjórnanda sett fram með skýrum hætti og samkvæmt því má hann ekki sinna öðrum störfum á vettvangi eins og að stjórna dælu, sjá um vatnsöflun eða fara með vettvangsstjórn. Til þess að geta hafið reykköfun að uppfylltum öryggiskröfum, þurfa því að vera komnir 5 slökkviliðsmenn á staðinn.

Fram að þessu hefur verið litið svo á að 5. og stundum 4. slökkviliðsmaður á staðinn megi koma heiman frá sér eftir útkallið, en samkvæmt drögum að reglugerð um starfsemi slökkviliða sem er væntanleg á árinu 2017, verður miðað við að slökkvilið í þéttbýli sem telur yfir 15.000 íbúa sé með sólarhringsvakt. Nú búa íbúar Akureyrar svo vel að hafa slíka vakt allan ársins hring, en væntanlega þarf eins og áður sagði, að tryggja að ávallt séu fimm tiltækir slökkviliðsmenn á vakt hverju sinni.

Samkvæmt áhættumati frá 2016, þurfa ávallt að vera að minnsta kosti 24 menntaðir slökkviliðsmenn tiltækir á Akureyri. Áhættumatið er byggt á viðmiðunarleiðbeiningum MVS um slökkvivatn en þar er miðað við að þurfi að minnsta kosti 3 slökkviliðsmenn fyrir hverja 1.000 lítra á mínútu af útreiknuðu slökkvivatni fyrir byggingar. Útreiknað slökkvivatn fyrir byggingar er mismunandi á fermetra eftir gerð og búnaði bygginga. Samkvæmt þessu ætti slökkviliðið að ráða við slökkvistarf í byggingu með þörf uppá 8.000 lítra á mínútu af slökkvivatni.

Helstu áhættur á svæðinu með tilliti til bruna eru:


- ✓ Sjúkrahúsið á Akureyri
- ✓ Glerártorg
- ✓ Verksmiðja Becromal Krossanesi
- ✓ Hótel KEA í Hafnarstræti
- ✓ Grunn- og framhaldsskólarnir
- ✓ Vöruskemma Eimskips





## REKSTUR

Hér er samanburður í 12 ár á rekstri SA. Til að bera saman kostnað Akureyrarbæjar við Slökkviliðið síðustu ár, þá tók ég saman raun tölur úr bókhaldinu og uppfærði þær til núvirðis miðað við breytingar á vísitölu neysluverðs og launavísitölu eins og þær voru í janúar 2017. Áætlun fyrir 2018 er miðuð við verðlagsspá seðlabankans.



### 1072110 Slökkvistöð

#### TEKJUR

Tekjur vegna seldrar þjónustu hækkuðu mikið í áætlun 2017, geri ráð fyrir svipuðum tekjum 2018. SA mun fara fram á að endurgreiðsla fyrir sjúkraflutninga á landi hækki úr 147 m.kr á þessu ári í 175 m.kr eða 19%. Ekki er fyrir séð hvernig samningar munu ganga við ríkið, en ef fjölgað er á vöktum vegna verkefna eru líkur að hækkun fái á endurgreiðslu. Í fjárhagsáætlun fyrir 2018 er þó einungis gert ráð fyrir hækkun fyrir sjúkraflutningana úr 147 m.kr. í 155 m.kr. en það er sú tala sem áður var búið að bjóða Akureyrarbæ fyrir verkefnið.

Greiðslur frá nágrannasveitarfélögum vegna þjónustu SA eru á árinu 2017 um 24 m.kr.

Í texta hér fyrir neðan er tiltekið hvernig gjald nágrannasveitarfélagana er reiknað út hverju sinni.





## 5.0. Greiðslur.

Öll sveitarfélögin sem gera sambærilegan samning (sjá 1.0) skipta á milli sín, í hlutfalli við íbúatölu, heildarrekstrarkostnaði Slökkviliðs Akureyrar skv. fjárhagsáætlun Akureyrarbæjar, þ.m.t. kostnað vegna eldvarnaeftirlits. Fara skal eftir samræmdum reglum um reikningsskil sveitarfélaga við ákvörðun á hvað teljast skuli rekstarkostnaður hjá SA. Tekjur slökkviliðsins vegna þjónustu við Flugstöðir og Heilbrigðisráðuneytið og eftir atvikum aðrar sértekjur slökkviliðsins svo sem vegna sjúkraflugs, skulu koma til frádráttar áður en hlutdeild hvers og eins sveitarfélags er reiknuð út.

Verði kostnaður minni/meiri en fjárhagsáætlun gerir ráð fyrir, ber að endurreikna kostnað aðila til samræmis við raunverulegan kostnað, en uppgjör vegna þess skal fara fram eigi síðar en mánuði eftir að ársreikningur liggur fyrir. Miða skal við íbúatölu 1. desember árið á undan gjaldárinu. Þannig er við gildistöku samningsins heildaríbúafjöldi svæðisins 19.234 og er sú tala lögð til grundvallar fyrir árið 2008.

### LAUN OG LAUNATENGÐ GJÖLD

Tek hér saman allan launakostnað fyrir báðar kostnaðarstöðvar.

Launaáætlun er miðuð við óbreyttan fjölda stöðugilda í fullu starfi sem er 25, þar af 21 á vöktum.

Gert er ráð fyrir að kostnaður vegna yfirvinnu hækki um 17% vegna aukinna verkefna í sjúkraflutningum og sjúkraflugi og verði um 122 m.kr. árið 2018 með launatengdum gjöldum.

### VÖRUKAUP

Vörukaup hækka milli ára um 1,9 m.kr.

Legg til að keypt verði iðnaðarþvottavél til að við getum þvegið slökkvigallana okkar sjálfir. Slík vél kostar um 1,5 m.kr. Núna erum við að láta þvo fyrir okkur gallana í þvottahúsi eftir hverja æfingu í reyk eða útköll. Það fer það illa með gallana að vera þvegnir í þessum stóru vélum og þurrkaðir í tromluþurrkurum. Til upplýsinga, þá kostar einn slökkvigalli í dag um 200þ.kr.

Einnig er hér gert ráð fyrir að endurnýja boðtæki starfsmanna, áætlaður kostnaður af því er 500þ.kr. Endurnýja þarf skrifborð á skrifstofu og borð og stóla í kennslu-/fundarsal(600þ.kr). Kaupa þarf sjónvarp í kennslu-/fundarsal.

Hækka tölvukaup vegna spjaldtölvukaupa og endurnýjunar á borðtölvum.

### ÞJÓNUSTUKAUP

Minniháttar breytingar hér, mest munar um hækkun á húsaleigu, 2,4 m.kr. annars minniháttar tilfærslur á milli liða.

Hækkar samtals um 2,9 m.kr. eða 5% milli ára.

### STYRKIR OG FRAMLÖG

Hér þarf að bæta við rekstrarkostnaði við sjúkrabifreið sem staðsett er í Hrísey og Slökkviliðið á.



## VÐHALD OG REKSTUR SLÖKKVITÆKJA 1072140

### TEKJUR

Mínniháttar breyting, þarf að skoða hvort ætti að færast á 107 2110.

### VÖRUKAUP

Hér er gert ráð fyrir að endurnýja lausan búnað eins og dælur, rafstöðvar, handverkfæri, slöngur, stúta og ýmislegt smálegt. Einnig er kominn tími á endurnýjun gúmmibáts og sjó-/vatnabjörgunarbúnaðs SA. Áætlaður kostnaður af því liggur ekki fyrir. Lækkun um 800 þ.kr. milli ára. Ath. að vænta má að gerður verði samningur við Vaðlaheiðargöng um fjármögnun á búnaði til að SA geti þjónustað jarðgöng. Gerum ráð fyrir að með þeim samningi verði keyptur björgunarbíll með slökkvikerfi, klippubúnaði og reykköfunartækjum og þannig kláruð endurnýjun þeirra.

### ÞJÓNUSTUKAUP

Hækkun á leigu fastafjármuna til eignasjóðs vegna þjónustubíla sem voru endurnýjaðir 2017.

## ÖRYGGISVAKTIR OG ÖNNUR ÞJÓNUSTA 1072280

### TEKJUR

Miðað við að fjöldi sjúkrafluga haldist sá sami út 2017, þá fara tekjurnar í tæpar 36,5 m.kr. Gerum ráð fyrir 10% hækkun á næsta ári. Á einhverjum tímapunkti mun hlutfallslegur kostnaður vaxa ef þarf oft að senda tvo menn á sama tíma í sitt hvort flugið.

Hækkun á tekjum um 8,4 m.kr. frá áætlun 2017

### HLUTFALL ÖRYGGISVAKTA Í REKSTRI SLÖKKVILÐS, MILLIFÆRA MILLI LIÐA?

Í raun erum við að manna eina stöðu umfram lágmarksmönnun alla virka daga frá 7:30 til 19:30 til að geta mannað sjúkraflugvélina án auka yfirvinnu. Þessi aukamönnun nýtist okkur svo oft í öðrum verkefnum, oftast sjúkraflutningum út fyrir svæðið. Samtals kostar þetta um 1,5 árslaun sem gerir 15,8 m.kr. fyrir fullmenntaða slökkviliðsmenn. Ég legg til að við skiptum kostnaði í hlutfalli við fjölda verkefna á síðasta ári þar sem þetta nýtist. Þetta yrði þá **15,8 \* 726** (fjöldi sjúkrafluga 2016)/**913** (sjúkraflug+flutningar út fyrir svæði SA) **Samtals 12,5 m.kr.** Það má geta þess að árið 2016 var 12,4 m.kr. hagnaður af kostnaðarstöð 107 2280 (sjúkraflugið)

### VERKEFNI FRAMUNDAN

- **Vaðlaheiðargöng**

Fæ ekki skýr svör frá Vaðlaheiðargöngum ehf um fjármögnun á búnaði. Vegagerðin setti 70 m.kr. í búnað fyrir Norðfjarðargöng, í gegnum allar viðræðurnar var rætt um að þetta yrði eins í báðum göngum.

Slökkviliðsstjóri átti fund með stjórn Vaðlaheiðarganga og fór yfir verkefnið. Stefnt að því að niðurstaða verði komin í febrúar 2018.

- **Tekjur vegna sjúkraflutninga**

Erum í samskiptum við SÍ, komið hefur fram að ekki var gert ráð fyrir því að SA rukkaði sjúkrastofnanir sérstaklega fyrir flutninga út fyrir svæðið. Þar sem þetta verkefni hefur vaxið mjög mikið undanfarið, þarf að endurskoða það.



- **Samningur við ríkið**

- Munum fara fram á 20 m.kr. hækkun á grunninum milli ára. Færum þá í 175 m.kr. fyrir 2018. Ekki gert ráð fyrir því í áætlun.

- **Fjölgun í varðliði SA 2018**

Kostir þess að fjölga úr 21 á vöktum eins og staðan er núna, í 24 eins og lagt er til, eru meðal annars:

- Yfirvinna – vegna aukinna verkefna hefur unnin yfirvinna hjá SA aukist mjög mikið á árinu 2017. Hluti af greiddri yfirvinnu er fastur kostnaður eins og t.d. álag í sjúkraflugi, stærri útköll og kjarasamningsbundin yfirvinna. Samt sem áður tel ég hægt að draga úr kostnaði vegna yfirvinnu um 16% eða um 11 m.kr. með fjölgun á vakt um einn mann. Bæði er það kostnaður fyrir SA en einnig er það í takt við fjölskyldustefnu Akureyrarbæjar að minnka yfirvinnu og áreiti á starfsmenn utan reglubundins vinnutíma.
- Fjölmennara lið – það að hafa fleiri slökkviliðsmenn til taks, gerir liðið hæfara til að bregðast við stærri atvikum þar sem þarf margar hendur eins fljótt og hægt er, en einnig auðveldar það mönnum vaktarinnar þegar á þarf að halda vegna verkefna eða veikinda.
- Færri sumarafleysingar – í áætlun fyrir 2018 gerum við ráð fyrir einum manni í sumarafleysingar í 5 mánuði en ef ekki kemur til fjölgunarinnar sem lögð er til, þarf að mann fjórar stöður í 5 mánuði. Með þessu móti sparast um 13 m.kr.
- Kostnaður Sveitarfélagana – til að fjölga um einn á vakt hverju sinni, þarf fjölga um 3 í varðliðinu sem mun kosta með yfirvinnu og launatengdum gjöldum um 31 m.kr. á ári. Miðað við að spara 24 m.kr. í yfirvinnu og afleysingar og hækka endurgreiðslur ríkisins um 20 m.kr. þá tel ég hægt að reka SA innan rammans á næsta ári án þess að skerða þjónustuna.

Í dag eru 25 í fullu starfi og 10 í hlutastarfi. Samkvæmt reynslu innan SA má gera ráð fyrir um 50-60% mætingu þegar allt liðið er kallað út. Þannig að í dag eru það 17-20 manns. Bregðast þarf við þessu við fyrsta tækifæri með því að fjölga slökkviliðsmönnum í hlutastarfi úr 10 í 20 á Akureyri og nágrenni.

Ég tel að með þessu breytingum sem ég legg til og hækkun framlags ríkisins til SA að hægt sé að ná því markmiði sem Akureyrarbær hefur sett. Að öðrum kosti sé ég ekki að hægt sé að halda uppi þjónustu SA í óbreyttri mynd nema auka kostnað sveitarfélaganna um að minnsta kosti 13 m.kr. fyrir árið 2018

- **Brunavarnaráætlun**

Drög að áætluninni voru send á Mannvirkjastofnun í nóvember og beðið er eftir því að hún verði yfirfarin þar. Ekki gert ráð fyrir athugasemdum þar sem þetta er í fjórða sinn sem hún er send þangað til yfirferðar. Ljúka þarf að kostnaðarmeta alla liði og leggja fyrir stjórn UMSA.